

Mál nr. 455/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis. Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3 desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 16. febrúar 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 3. október 2025, varð, að kvöldi hins 14. september 2025, umferðarslys á mislægum gatnamótum við Stapabraut/Reykjanesbraut í Reykjanesbæ. M, sem er eigandi A, lýsti atvikum svo að hann hefði ekið á Reykjanesbraut austur inn á Stapabraut á um 50 kílómetra hraða á klukkustund. Hann hefði litið á úr sitt við aksturinn og þá ekið A aftan á bifreiðina B sem var mannlaus í vegkantinum. Samkvæmt lögregluskýrslu var myrkur á vettvangi og slæm lýsing.

Með bréfi, dags. 29. október 2025, tilkynnti V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, M um að það hygðist skerða bótarétt M úr kaskótryggingu A og slysátryggingu ökumanns og eiganda A um 1/3 hluta á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

M er ósammála þeirri afstöðu og vísar í málskoti til þess að aksturshraði A hafi í aðdraganda áreksturs verið undir lögmæltum hámarkshraða og ekkert bendi til hröðunar, óeðlilegrar stjórnunar eða hegðunar sem sé frábrugðin því sem ætlast megi til. Telur hann að orsök slyssins hafi verið óeðlileg staðsetning B sem hafi verið skilin eftir án hættuljósa og viðvörunarþríhyrnings í andstöðu við áskilnað 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekkert liggi þá fyrir um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og vísar M til nánar tilgreindra fordæma nefndarinnar því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að M hafi litið af veginum sem bendi til skorts á nauðsynlegri athygli á umferð og aksturslagi. Teljist sú háttsemi verulegt frávík frá þeirri háttsemi sem ætlast megi til af ökumanni og veiti V heimild til að skerða bótarétt á grundvelli 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Vísar V til nánar tilgreindra fordæma nefndarinnar og dómstóla framangreindu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að sú háttsemi að horfa af veginum í stutta stund geti talist fela í sér stórkostlegt gáleysi, og það að líta á úr sitt við akstur sé ekki sambærilegt við farsímanotkun eða ölvun við akstur. Þá líti V fram hjá meginorsök slyssins sem hafi verið sú að B hafi verið skilin eftir á vegöxl þar sem hún skagaði út á akbrautina, ljóslaus og án nokkurra viðvarana. Hafi frágangur hennar með slíkum hætti skapað hættu fyrir aðra vegfarendur. Er því þá mótmælt að þau fordæmi sem V vísi til hafi fordæmisgildi í málinu enda hafi þar verið um mun alvarlegri háttsemi að ræða.

Álit.

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga segir að ökumaður skuli haga akstri sínum þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki sínu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir áður en komið er að hindrun. Þrátt fyrir að M telji staðsetningu og frágang B meginorsök árekstursins verður ekki séð að beinlínis sé deilt um sakarskiptingu í máli þessu og kemur það atriði því ekki til sérstakrar skoðunar.

Meðal gagna málsins er myndband sem tekið var úr myndavél A. Má þar sjá að A er ekið inn á frárein frá Reykjanesbraut. Sjá má hvar B er kyrrstæð á hægri vegöxl. Verður ekki séð að hún hafi skagað inn á akbraut að öðru leyti en því að dekk hennar vinstra megin stóðu á óbrotinni kantlínu, þ.e. línu sem markar þann hluta vegar sem ætlaður er til umferðar. Á vettvangi er nokkur lýsing og af myndbandinu verður ekki annað séð en að B hafi verið vel sýnileg með nokkrum fyrirvara áður en A kom að henni. Af myndbandinu má einnig ráða að A hafi sveigt til hægri, þ.e. með akstursstefnu að vegöxlinni og frá þeim hluta akbrautar sem ætluð er til umferðar vélknúinna ökutækja í um þrjár sekúndur áður en til áreksturs kom og verður ekki séð að M hafi veitt B athygli í aðdraganda áreksturs.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda árekstursins, hvort það eigi að leiða til skerðingar á bótarétti hans og hvert hlutfall slíkrar skerðingar skuli þá vera.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga, en hún á við um skaðatryggingar, þ.e. kaskótryggingu A, losnar vátryggingafélag úr ábyrgð í heild eða að hluta ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, en hún á við um persónutryggingar, þ.e. slysatryggingu ökumanns og eiganda, má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Almennt telst það ekki sjálfkrafa til stórkostlegs gáleysis þó ökumaður líti í örskotsstund af veginum. Í því tilviki sem hér er til skoðunar verður hins vegar að miða við að M hafi misst athyglina við aksturinn í a.m.k. þrjár sekúndur, sem verður að teljast meiri tími en þörf er á til að líta á hefðbundið armbandsúr til skoðunar á því hvað klukkan er. Verður þá ekki annað ráðið af fyrirliggjandi myndbandi en að B hafi verið vel sýnileg í um sex sekúndur áður en til áreksturs kom. Þá liggur eins og áður segir fyrir að A var sveigt nokkuð til hægri, út á vegöxl, í ríflega þrjár sekúndur í aðdraganda áreksturs. Verður því að telja að töluvert hafi skort á tilhlýðilega aðgát og aðgæslu M umrætt sinn.

Þegar litið er heildstætt til alls framangreinds verður að telja að háttsemi M hafi vikið í verulegum atriðum frá því sem ætlast mátti til af honum og telst gáleysi hans meira en leiði af því að hann hafi rétt litið á úr sitt. Er það því mat nefndarinnar að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að skerðing bóta sé því heimil. Af heildstæðu mati á aðstæðum öllum telst sú skerðing þó hæfilega ákvörðuð $\frac{1}{4}$ hluti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um $\frac{1}{4}$ hluta.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir